

Iðnaðarráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Iðnaðarnefnd
Sendandi: Iðnaðarráðuneyti
Dagsetning: 05.12.2008
Málsnúmer: IDN07120033

Efni: Hvað hafa Færeyingar verið að gera og hvað getum við lært af þeim.

Færeyingar hafa þrisvar boðið út svæði til olíuleitar og var þremur starfsmönnum frá Orkustofnun og iðnaðarráðuneyti boðið að vera viðstaddir þegar tilboð voru opnuð í þriðja útboði þeirra 3. og 4. nóvember sl.

Fyrsta leyfisútboð Færeyinga, árið 2000:

Mikil bjartsýni og miklar væntingar voru vegna fyrsta leyfisútboðsins þar sem menn töldu ástæðu til að ætla að finna mætti olíu í Færeyjum vegna reynslunnar í bresku lögsögunni. Mörg fyrirtæki sóttu um og gefin voru út sjö leyfi; fjögur leyfanna voru til 6 ára og þrjú þeirra til 9 ára. Gerðar voru mismunandi kröfur um rannsóknir í leyfunum, en 6 ára leyfin fólu einnig í sér skilyrði/skuldbindingar um að boraðar skyldu alls átta leitarborholur og er búið að bora fjórar þeirra, en fjórar eru eftir. Ekki var hins vegar mikill árangur af borunum á þeim fjórum borholum sem þegar hafa verið boraðar; ein borholan var þurr, í tveimur þeirra fundust ummerki (traces) um olíu og gas, og talsvert magn fannst í einni borholunni, en þó ekki í vinnanlegu mæli.

Í kjölfarið var sumum leyfanna skilað, m.a. á svæði þar sem eftir átti að uppfylla skilyrði um borun á tveimur leitarborholum, en samið var um að þær leitarborholur yrðu færðar yfir á annað leyfissvæði. Hægt er að krefja fyrirtækin um kostnað við að bora holur ef þau standa ekki við skuldbindingar sínar, en stjórnvöld vilja helst ekki nýta sér þann rétt. Það voru mikil vonbrigði að finna ekki meira magn olíu á svæðinu, bæði fyrir stjórnvöld og olíufélögin, en það væri þó jákvætt að eitthvað hefði fundist og með hverri nýrri leitarborholu kæmu nýjar upplýsingar um svæðið.

Annað leyfisútboð, árið 2004/2005:

Í öðru leyfisútboðinu var reynt að dreifa leyfunum yfir stærra svæði en áður til að öðlast meiri upplýsingar um svæðið og auka líkur á að finna olíu. Fyrir útboðið var farið í viðræður við olíufélög og þeim var boðið að tilnefna svæði sem þau hefðu áhuga á (nomination rounds). Svæðin sem boðin voru út voru því að hluta til svæði sem olíufélögin höfðu lýst áhuga á að rannsaka. Nýir olíufundir Bretlandsmegin, nálægt færeysku lögsögunni, vöktu athygli og hjálpuðu til við að vekja áhuga á leyfisútboðinu.

Í öðru leyfisútboðinu var mun meiri sveigjanleiki en í því fyrsta varðandi svæði, skilyrði og áfangaviðmið og hægt var að semja um þessi atriði. 7 leyfi voru veitt, hvert til 9 ára, og í þeim voru skilyrði um seismískar mælingar og sýnatöku á hafsbotni. Engin olíufélög voru hins vegar tilbúin að bjóðast til að bora leitarborholur (a.m.k. ekki í fyrsta áfanga), einkum vegna slaks árangurs í fyrsta útboðinu. Leyfin eru áfangaskipt og fyrstu 3 árin eru engar skuldbindingar um að bora leitarborholur. Hins vegar er gert ráð fyrir að samið verði um leitarboranir á seinni stigum (og skuldbindingar um að bora 2 leitarborholur frá fyrsta leyfisútboði voru fluttar yfir á ný svæði tengdum öðru útboðinu). Vinnuáætlanirnar fólu ekki í sér umfangsmiklar skyldur, en var ætlað að hvetja fyrirtækin til að rannsaka og meta sem stærst svæði og að nokkru leyti líktist þetta *Frontier type* leyfum í Bretlandi.

Þau atriði sem talin eru hafa haft áhrif á að vel gekk að fá fyrirtæki til að sækja um leyfi í öðru leyfisútboðinu eru eftirfarandi:

1. Sum fyrirtækin þekktu svæðið vel og hægt var að setja fram “léttu” vinnuáætlun.
2. Nýir oliufundir Bretlandsmegin vöktu áhuga og ný fyrirtæki komu inn vegna þeirra.
3. Lítil fyrirtæki, t.d. Geysir, komu inn og fengu leyfi sem fólu ekki í sér dýrar skuldbindingar á borð við leitarborholur, heldur fyrst og fremst rannsóknir.

Þriðja leyfisútboð, árið 2008:

Fulltrúar iðnaðarráðuneytis og Orkustofnunar voru viðstaddir opnun tilboða vegna þriðja útboðs í Færeyjum á sérleyfum til olíuleitar. Þrjú tilboð bárust og voru þau frá fimm litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

Þriðja útboðið var svipað öðru útboðinu þar sem meiri sveigjanleiki var fyrir hendi varðandi svæði, skilyrði og áfangaviðmið.

Enn er verið að vinna í yfirferð gagna frá leyfisumsækjendum.

Hvað getum við lært af færeyingum?

Færeyingar eru enn að þróa sig áfram í þeim málaflokkum sem snúa að olíuleit en eru þó töluvert á undan okkur Íslendingum. Mikið hefur verið litið til þeirra sem fyrirmyndar við allan undirbúning olíuleitarinnar á Drekasvæðinu og má þar nefna lög og reglur, útboðsmál, undirbúning leyfa, kröfur til umsækjenda, skattamál, gagnagrunn, gagnaöflun og ekki síst rannsóknarsjóðinn SINDRA sem stofnaður var í fyrsta útboði þeirra.

Rannsóknarsjóðurinn var stofnaður í ágúst 2001 og var markmið hans meðal annars að bæta rannsóknir og þróa nýja tækni sem nýtist á svæðum sem þakin eru basalti, sem er helsta vandamál olíuleitarinnar við Færeyjar. Aðilar frá fyrirtækjum, sem hafa fengið leyfi til olíuleitar við Færeyjar, sitja í stjórn Sindra og taka ákvarðanir um hvaða verkefni eru styrkt.

Í rannsóknarsjóðinn komu upphaflega eingöngu frjáls framlög leyfishafa, eftir fyrsta útboðið varð til 38,25 milljóna DKK sjóður og eftir annað útboðið bættist við 10,5 milljónir DKK, sjóður sem í dag myndi vera um 1,1 milljarður króna. Í þriðja útboðinu var greiðsla í rannsóknarsjóðinn orðin föst tala að upphæð 200.000 DKK eða um 4,5 milljónir ISK.

Iðnaðarráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Iðnaðarnefnd
Sendandi: Iðnaðarráðuneyti
Dagsetning: 05.12.2008
Málsnúmer: IDN07120033

Varðar: Mögulegt hlutafélag í eigu ríkisins til þátttöku í leit, rannsóknnum og vinnslu á kolvetni og breytingar á ákvörðun leyfisgjalda

Í frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 13/2001 er nú liggur fyrir Alþingi til afgreiðslu er gert ráð fyrir heimild til iðnaðarráðherra til að stofna hlutafélag í fullri eigu ríkisins til þátttöku í leit, rannsóknnum og vinnslu á kolvetni. Í greinargerð er vísað til hliðstæðu í norska ríkisfyrirtækinu Petoro.

Meginmunurinn á norsku fyrirtækjunum StatoilHydro og Petoro er sá, að StatoilHydro er fyrirtæki á samkeppnismarkaði sem er að hluta í eigu ríkisins, en Petoro er einokunarfyrirtæki á vegum ríkisins og í fullri eigu þess. Upphaflega gætti Statoil (nú StatoilHydro) hagsmunum norska ríkisins óháð því hvort um væri að ræða einokunarstarfemi eður ei. Vegna samkeppnissjónarmiða á Evrópska efnahagssvæðinu var norska ríkinu hins vegar ekki stætt á að láta Statoil sinna áfram verkefnum á einokunarsviði, jafnframt því að standa í samkeppni við önnur olíufyrirtæki á frjálsum markaði. Þess vegna var Petoro stofnað sem fyrirtæki í fullri eigu norska ríkisins. Það fyrirtæki á gjarna ákveðinn hlut í rannsókn- og vinnsluleyfum á norska landgrunninu, en hefur þó hvorki frumkvæði né forystu á hendi í hópi leyfishafa.

Það er ekki ætlun íslenska ríkisins að taka þátt í samkeppni á frjálsum markaði á sviði olíuleitarstarfsemi, eins og norska ríkið gerir gegnum StatoilHydro. Hins vegar er því nauðsyn að geta gætt hagsmuna ríkisins á sviðum sem eingöngu verður sinnt sem einokunarstarfsemi, sbr. starfsemi Petoro. Undir það fellur að gæta íslenskra hagsmuna Noregsmegin á samningssvæðinu á Jan Mayen hrygg, með mögulegri allt að 25% þátttöku í olíuleit og vinnslu, þegar þar að kemur. Á sama hátt munu Norðmenn gæta sinna hagsmuna gegnum Petoro á samningssvæðinu Íslandsmegin í fyrirhuguðu útboði á Drekasvæðinu.

x

Lagt er til að breyta leyfisgjöldum þannig að þeim sé skipt annars vegar í gjald fyrir móttöku og fyrstu umfjöllun umsóknar, er nægi fyrir kostnaði við ákvörðun um mögulegt samþykki eða synjun umsóknar, og hins vegar í leyfisgjald fyrir samþykktu umsókn, er lækki þá samsvarandi. Þetta er gert í og með til að forðast fullkomlega ógrundaðar umsóknir, en einnig til að mæta kostnaði við umfjöllun umsókna sem ekki fá framgang. Mat á upphæð leyfisgjalda er grundað á samanburði við leyfisgjöld í nálægum löndum og sjálfstæðu mati á umfangi og kostnaði við eigin vinnu Orkustofnunar og þá aðkeyptu sérfræðivinnu sem hagkvæmt er að sækja annað. Sjá nánar meðfylgjandi yfirlit með umfangs- og kostnaðarútreikningum.

			ISK	Klst. ef 7000 kr./h	Klst. ef 9000 kr./h
Noregur	Leitarleyfi	60,000 NOK/ári	990,000	141	110
	Vinnsluleyfi (rannsóknir incl.)	60,000 NOK	990,000	141	110
Færeyjar	Leitarleyfisgjald	75,000 DKK	1,320,000	189	147
	Leyfisumfjöllun	10,000 DKK	176,000	25	20
Grænland	Leitarleyfi	15,000 DKK	264,000	38	29
	Yfirfærsla á leitarleyfi	7,500 DKK	132,000	19	15
	Rannsóknarleyfi	100,000 DKK	1,760,000	251	196
	Framlenging til vinnslu	200,000 DKK	3,520,000	503	391
Írland	Leitarleyfi	1,392 Evrur	182,352	26	20
	Fyrsti réttur til ranns.leyfis	1,392 Evrur	182,352	26	20
	Veiting rannsóknarleyfis	8,354 Evrur	1,094,374	156	122
	Fyrsti réttur til vinnsluleyfis	2,784 Evrur	364,704	52	41
	Veiting vinnsluleyfis	8,354 Evrur	1,094,374	156	122
Ísland	Leitarleyfi, leyfisgjald		750,000	107	83
	Leitarleyfi, árgjald		500,000	71	56
	Rannsóknaleyfi, umfjöllun				
	Rannsóknaleyfi, leyfisgjald		1,000,000	143	111
	Rannsóknaleyfi, árgjald		1,000,000	143	111
	Vinnsluleyfi, leyfisgjald		1,500,000	214	167
	Vinnsluleyfi, árgjald		1,000,000	143	111
Leitarleyfi			ISK	OS, klst.	Aðk. klst.
	Móttaka og skráning		14,000	2	
	Könnun á hæfni fyrirtækis		42,000	6	
	Mat á rannsóknaráætlun		205,000	10	15
	Samanburður við fyrri rannsóknir		215,000	5	20
	Samráð við aðrar stofnanir og ráðuneyti		28,000	4	
	Samskipti og samráð við umsækjanda		240,000	15	15
	Ákvörðun og útgáfa leyfis		21,000	3	
Samtals		765,000	45	50	
Rannsóknarleyfi	Móttaka og skráning		28,000	4	
	Könnun á hæfni fyrirtækis		168,000	24	
	Mat á rannsóknaráætlun		400,000	25	25
	Samanburður við fyrri rannsóknir		465,000	15	40
	Samráð við aðrar stofnanir og ráðuneyti		210,000	30	
	Samskipti og samráð við umsækjanda		640,000	40	40
	Ákvörðun og útgáfa leyfis		105,000	15	
	Samtals		2,016,000	153	105
Þar af umfjöllun umsóknar		248,500	36	0	
Vinnsluleyfi	Móttaka og skráning		42,000	6	
	Könnun á hæfni fyrirtækis og samstarfsaðila		640,000	40	40
	Mat á vinnsluáætlun		820,000	40	60
	Samráð við aðrar stofnanir og ráðuneyti		350,000	50	
	Samskipti og samráð við umsækjanda		960,000	60	60
	Ákvörðun og útgáfa leyfis		210,000	30	
	Samtals		3,022,000	226	160

Inngangur

Á fundi iðnaðarnefndar, miðvikudaginn 3. desember 2008, með fulltrúum iðnaðarráðuneytis og Orkustofnunar, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi, 152. mál, var óskað eftir minnisblaði um Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni (kolvetni). Í minnisblaði þessu er fjallað almennt um tilurð tilskipunarinnar og helstu efnisatriði hennar.

Tilskipun 94/22/EB og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/1995

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 94/22/EB frá 30. maí 1994 öðlaðist gildi 30. maí 1994 við birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins. Hinn 5. apríl 1995 var tilskipun 94/22/EB felld inn í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/1995. Er tilskipunina að finna í IV. Viðauka við EES-samninginn. Tilskipunin var innleidd í íslenskan rétt með lögum um leit, rannsóknir og vinnslu kolvetnis, nr. 13/2001, með síðari breytingum.

Með tilskipun 94/22/EB er komið á sameiginlegum reglum vegna veitingu leyfa til leitar, rannsókna og vinnslu kolvetnis. Með hliðsjón af því að innri markaður Evrópusambandsins myndar svæði án innri landamæra þar sem frjálssir vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru tryggðir varð að grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja eðlilega starfsemi hans og um leið að styrkja samruna hins innri orkumarkaðar.

Nauðsynlegt þótti að koma á sameiginlegum reglum til að tryggja að málsmeðferðin við veitingu leyfa væri opin öllum umsækjendum sem hafa nauðsynlegt bolmagn til að standa að kolvetnisstarfsemi, þ.m.t. fjárhagsleg og tæknileg geta. Leyfi skyldu veitt á grundvelli hlutlægra viðmiðana sem gerð hafa verið opinber og öllum leyfisumsækjendum skal að sama skapi vera kunnugt um skilyrðin sem leyfin og veiting þeirra byggjast á.

Með tilskipuninni er ríkjum veitt færi á að takmarka aðgang að og framkvæmd kolvetnisstarfsemi út frá hagsmunum samfélagsins og að gera leyfishöfum skylt að inna af hendi fjárframlag eða leggja af mörkum framlag í formi kolvetnis. Á þann hátt er ríkjum tryggt endurgjald fyrir vinnslu kolvetnis, hvort sem það er í formi skatttekju eða annars konar endurgreiðslu. Nauðsynlegt er að slíkar aðgerðir eigi stoð í lögum til að koma í veg fyrir að þær raski stjórnunarstarfi í viðkomandi leyfishafa. Þá skal koma í veg fyrir að leyfishöfum sé gert að uppfylla skilyrði og skyldur sem ekki eiga stoð í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

Í tilskipuninni er nánar útfærðar þær reglur sem ríkjum ber að fylgja við opnun svæða, útgáfu leyfa, samanburð á umsækjendum og val á leyfishöfum. Einnig eru í tilskipuninni almenn ákvæði um upplýsingagjöf, upplýsingaskyldu til eftirlitsaðila og gildistöku svo dæmi séu tekin. Í eftirfarandi umfjöllun verða dregin saman helstu ákvæði tilskipunarinnar. Hins vegar er ekki um að ræða tæmandi umfjöllun heldur almenn samantekt um helstu ákvæði tilskipunarinnar.

Einstök ákvæði tilskipunarinnar

Aðgengi að svæðum

Í tilskipuninni er ítrekað að ríki hafa ávallt rétt til að ákveða hvaða svæði innan þeirra yfirráðasvæðis verði gerð aðgengilegt til að stunda leit, rannsóknir eða vinnslu kolvetnis. Sé sú ákvörðun tekin um að gera svæði aðgengilegt skal tryggt að fyrirtækjum sé ekki mismunað á neinn hátt að því er varðar aðgang að starfseminni og að stunda hana. Eftir sem áður er ríkjum heimilt að neita, vegna þjóðaröryggis, að heimila fyrirtæki sem að stórum hluta er undir

yfirráðum þriðja lands eða ríkisborgara þriðja lands aðgang að kolvetnisstarfsemi og að stunda hana.

Samkvæmt tilskipuninni skal takmarka það svið sem leyfi nær til og gildistíma þess í því skyni að koma í veg fyrir að eitt fyrirtæki geti áskilið sér einkarétt á svæði þar sem hægt væri að stunda leit, rannsóknir og vinnslu með hagkvæmari hætti ef mörg fyrirtæki ættu í hlut. Fyrirtæki í aðildarríkjunum skulu geta fengið fyrirgreiðslu í þriðju löndum sambærilega við þá fyrirgreiðslu sem þriðju lönd njóta í sambandinu, og EES-samningssvæðinu, í krafti tilskipunarinnar.

Málsmeðferð

Í tilskipuninni er kveðið á um að ríkjum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að leyfi séu aðeins veitt að undangenginni málsmeðferð. Málsmeðferðin skal hafin:

- a) annaðhvort að frumkvæði lögbærra yfirvalda með auglýsingu þar sem boðið er upp á að umsóknir séu birtar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins að minnsta kosti 90 dögum fyrir síðasta umsóknardag;
- b) eða með auglýsingu þar sem boðið er upp á að umsóknir séu birtar í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins eftir að fyrirtæki leggur inn umsókn. Önnur fyrirtæki sem sýna málinu áhuga skulu hafa að minnsta kosti 90 daga frest til að leggja inn umsókn.

Aðildarríkjum er að auki veitt heimild til þess að veita leyfi án þess að hefja framangreinda málsmeðferð ef svæðið sem leitað er leyfis fyrir:

- a) er aðgengilegt til langs tíma; eða
- b) hefur áður sætt framangreindri málsmeðferð sem hefur ekki leitt til þess að leyfi hafi verið veitt; eða
- c) hefur verið gefið eftir af fyrirtæki og fellur ekki sjálfkrafa undir a-lið.

Viðmið við veitingu leyfa

Leyfi skulu veitt á grundvelli viðmiðana sem varða, í öllum tilvikum tæknilegt og fjárhagslegt bolmagn fyrirtækja og hvernig þau hyggjast standa að leit, rannsóknum og/eða vinnslu á landsvæðinu sem um ræðir. Ef, að undangengnu mati, tvær eða fleiri umsóknir eru jafnar að metum, skulu aðrar viðeigandi hlutlægar viðmiðanir án mismununar skera úr um hvaða umsókn verður að lokum fyrir valinu. Að auki er heimilt að taka tillit til þess hvort umsækjendur hafi sýnt skilvirkni og ábyrgð við starfsemi samkvæmt fyrri leyfi, ef svo á við. Viðmiðanirnar sem umsóknir eru metnar út frá skulu birtar opinberlega áður en umsóknarfresturinn tekur gildi. Þá er kveðið á um að allar breytingar á skilyrðum og kröfum meðan á málsmeðferð stendur skulu tilkynntar til allra fyrirtækja sem málið varðar. Loks ber ríkjum að tryggja að viðmiðum, skilyrðum og kröfum skuli beitt án allrar mismununar. Sé þess óskað ber leyfisveitendum einnig að rökstyðja synjanir um leyfi.

Frekari kröfur

Aðildarríkin skulu tryggja að skilyrði og kröfur um hvernig starfsemi er innt af hendi, eða um lok starfsemi, sem og aðrar skyldur sem fylgja nýtingu tiltekins leyfis séu rökstuddar sérstaklega með því hve nauðsynlegt er að tryggja að starfsemi á svæðinu fari fram með sem bestum hætti. Ríkjum er veitt heimild til að setja skilyrði og gera kröfur um hvernig starfsemin er stunduð að svo miklu leyti sem hægt er að rökstyðja slíkt með tilliti til þjóðaröryggis, almannaoöryggis, almannaeilbrigðis, samgönguöryggis, umhverfisverndar, verndar lífrænna auðlinda og þjóðargersema sem hafa listrænt, sögulegt og fornleifafræðilegt gildi, öryggi mannvirkja og starfsmanna, skipulagðrar stjórnunar kolvetnisauðlinda eða þarfar á að tryggja skattatekjur.

Ríkispáttaka

Reglur um fjárframlag eða framlag í formi kolvetnis, þar með taldar kröfur um ríkispáttöku, skulu settar af ríkjum með þeim hætti að tryggt sé að stjórnunarlegt sjálfstæði fyrirtækja haldist. Sé veiting leyfis háð páttöku ríkisins í starfsemi og ef lögpersónu hefur verið falið að hafa umsjón með þessari páttöku, eða ef ríkið sjálft hefur umsjón með páttökunni, skal hvorki vera hægt að koma í veg fyrir að lögpersónan né ríkið ræki skyldur sínar í tengslum við slíka páttöku, í réttu hlutfalli við umfang páttökunnar, að því tilskildu að lögpersónan eða ríkið fái ekki upplýsingar um eða fái nýtt atkvæðisrétt vegna ákvarðana sem varðar það hvar gera á innkaup fyrir fyrirtæki, að lögpersónan eða ríkið ásamt opinberu fyrirtæki eða fyrirtæki fái nýtt meirihlutaatkvæðisrétt vegna annarra ákvarðana og að atkvæði greitt af ríkinu eða lögpersónunni skuli eingöngu byggt á reglum sem eru gagnsæjar, hlutlægar og án mismununar og komi ekki í veg fyrir að stjórnunarlegar ákvarðanir fyrirtækjanna séu teknar á grundvelli venjulegra viðskiptareglna. Þó skal þetta ekki koma í veg fyrir að lögpersónan eða ríkið standi gegn ákvörðun sem tekin er af leyfishöfum og er ekki samkvæmt þeim skilyrðum og kröfum sem tilgreindar eru í leyfinu að því er varðar stefnu ríkisins um nýtingu og efnahagslega hagsmuni.

Beita má þeim valkosti að standa gegn ákvörðun án mismununar, einkum að því er varðar ákvarðanir um fjárfestingu og hvar gera á innkaup fyrir fyrirtæki. Hafi lögpersóna umsjón með páttöku ríkisins í starfsemi og ef sama lögpersónan er leyfishafi skal aðildarríkið búa svo um hnútana að lögpersónunni sé skylt að halda aðgreinda reikninga um viðskiptalegt hlutverk sitt og hlutverk sitt sem umsjónaraðili páttöku ríkisins og að tryggt sé að engar upplýsingar berist frá þeim hluta lögpersónunnar sem ber ábyrgð á stjórnun páttöku ríkisins til þess hluta lögpersónunnar sem er handhafi leyfanna sem slíkra. Svo fremi sem sá hluti lögpersónunnar sem ber ábyrgð á stjórnun páttöku ríkisins fær þann hluta sem er leyfishafi til starfa sem ráðgjafi getur sá fyrirnefndi gert aðgengilegar þær upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að inna ráðgjafarstarfið af hendi. Leyfishafar sem upplýsingarnar varða skulu fá vitneskju um það fyrirfram hvaða upplýsingar verða gefnar með þessum hætti og fá nægilegan frest til að hreyfa mótmælum.

Orkustofnun

5. desember 2008

Efni: Rannsóknir sem hafa farið fram á Drekasvæðinu frá mars 2007 til dagsins í dag.

Ýmsar mælingar hafa verið gerðar á Drekasvæðinu í samræmi við tillögur um gagnaöflun á svæðinu í skýrslunni um olíuleit á Drekasvæði frá því í mars 2007 og hefur nánast öllum settum markmiðum verið náð. Í skýrslunni var talið nauðsynlegt að gerðar yrðu veður- og öldumælingar með veðurdufli í allt að tvö ár, straummælingar með straumsjárlögn í eitt ár og þrjár sniðmælingar með skipi. Það var lagt til að tekin yrðu sýni af helstu lífverum á svæðinu til að hægt sé að kanna magn PAH-efna áður en að rannsóknaborunum á svæðinu kæmi og síðan að fylgjast með magni efnanna eftir að rannsóknar- og vinnsluboranir hefjist. Talið var nauðsynlegt að kortleggja hafsbotninn með fjölgeislamælingum á þeim svæðum sem yrðu líklegast fyrir röskun vegna framkvæmda, bæði með tilliti til botngerðar sem gefur upplýsingar um mismunandi búsvæði og til að fá nákvæm dýptarkort sem nýtast m.a. fyrir auðlindamat á svæðinu og skipulagningu framkvæmda. Stefnt var að fiskrannsóknum á Drekasvæðinu á næsta ári og var sérstök fárveiting fyrir þeim á fjárlögum frá því í september s.l., en ekki er ljóst hvort af þeim verður vegna niðurskurðar.

Í þessu minnisblaði er farið yfir hvaða rannsóknir hafa verið gerðar, stöðu þeirra og helstu niðurstöður raktar.

Yfirlit yfir rannsóknaleiðangra

Skip á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar hafa farið fjóra leiðangra inn á Drekasvæðið á þessu tímabili, í nóvember 2007 og febrúar, júní, ágúst 2008. Árni Friðriksson er í fimmta leiðangri Hafró á Drekasvæðið núna þegar þetta minnisblað er skrifað.

Fyrirtækið Wavefield Inseis gerði hljóðendurvarpsmælingar á svæðinu í júní 2008 í samræmi við leyfi til olíuleitar sem það fékk á árinu á Drekasvæðinu og gildir í þrjú ár. Þessar mælingar koma til viðbótar við mælingarnar sem fyrirtækið (þá InSeis) gerði árið 2001. Orkustofnun fékk afrit af nýju mælingum Wavefield Inseis 3. desember s.l. og eru þetta afar mikilvæg gögn fyrir auðlindamat á Drekasvæðinu.

Í leiðangrinum á Árna Friðrikssyni í nóvember 2007 voru sett út mælitæki á veðurdufli til að fylgjast með veður- og öldufari á svæðinu. Veðurduflið sendir niðurstöður mælinga á klukkutíma fresti og er hægt að sjá veðurathuganir frá því á heimasíðu Veðurstofu Íslands. Í þessum sama leiðangri var sett út lögn með straumsjám á þremur dýpum.

Í febrúar 2008 voru gerðar straummælingar á Árna Friðrikssyni á sniðum meðfram og þvert á Jan Mayen hrygginn.

Í júní 2008 var siglt á Drekasvæðið á Árna Friðrikssyni í þeim tilgangi að kortleggja hafsbótinn á þeim hlutum svæðisins sem þykja líklegust til að varðveita olíu eða gas í jarðlögum. Kortlagningin heppnaðist vonum framar og tókst að kortleggja 10,500 ferkílómetra. Í þessum sama leiðangri var veðurduflið tekið um borð til að sinna viðhaldi á því (loftvog og staðsetningarloftnet löguð) og það sett út aftur. Einnig var straumsjárlögnin tekin um borð til að sækja gögnin úr straumsjánunum. Í ljós kom að ein straumsjáin hafði bilað og því ekki skráð mælingar allan tímann. Lögnin var sett út aftur með tveimur straumsjám þar sem ekki var hægt að laga þá sem bilaði um borð. Straummælingar voru gerðar á sniðunum tveimur svipað og var gert í febrúar.

Í ágúst 2008 var var farið á Bjarna Sæmundssyni á Drekasvæðið til að safna sýnum af botndýrum. Sýnasöfnun gekk vel og var 57 sýnum safnað auk 1450 botnljósmynda af 15 stöðvum.

Núna er Árni Friðriksson á Drekasvæðinu og er stefnt að því að endurheimta straummælalögnina. Ef vel gengur þá hefur gögnum verið safnað í heilt ár og verður hún ekki sett út aftur. Í þessum leiðangri er áætlað að gera straummælingar á sniðunum tveimur meðfram og þvert á Jan Mayen hrygginn. Veðurduflið verður áfram á sínum stað, en legufæri þess endast í tvö ár og verður það því endurheimt síðar á árinu þegar rannsókn- eða varðskip á þar leið hjá.

Staða rannsókna

Hér að neðan er farið í stuttu máli yfir stöðu rannsóknaverkefnanna og sagt frá frumniðurstöðum úr þeim. Skipulag greininga og skýrsluskrafa er mismunandi eftir eðli rannsóknanna og tímasetningu gagnasöfnunar, en í hverju tilfalli er tiltekið hvenær áætlað er að skýrslur verði tilbúnar.

Gögn um veður- og öldufar á Drekasvæðinu hefur nú verið safnað í heilt ár með veðurduflinu og heldur gagnasöfnun áfram a.m.k fram á vor. Gagnasöfnunin hefur gengið mjög vel og einungis um smávægilegar bilanir að ræða sem hafa engin áhrif á gæði gagnanna. Niðurstöðurnar eru að mestu í samræmi við veðurlíkön. Yfirborðssjárvarhiti var tiltölulega hlýr, á bilinu 0 til 10 °C, sem bendir til að áhrif frá hlýsjó gæti þarna á svæðinu. Loftþiti á tímabilinu var á milli -10 og + 10 °C sem er ef eitthvað er mildara en búist var við og í samræmi við tiltölulega háan sjávarhita. Mesti vindhraði í hviðu mældist 30 m/s en dæmigerður vindhraði í norðanátt er um 20 m/s. Mesta ölduhæð mældist 18 m í október s.l., en eftir það hætti loftvogin um borð í duflinu aftur að virka. Veðurstofan stefnir að því að ljúka við skýrslu um niðurstöður veðurathugananna á seinni hluta næsta árs. Siglingastofnun mun koma að skýrsluskrifunum með greiningu á öldufarsmælingunum. Straummælingar veðurduflsins verða bornar saman við niðurstöður úr straumsjám Hafrannsóknastofnunarinnar. Hluti af gögnunum fara í alþjóðlegan gagnagrunn yfir veðurathuganir. Veðurstofan mun afhenda gögnin þeim aðilum sem um þau biðja, en fyrirspurnir um þau er beint til Orkustofnunar.

Frumniðurstöður úr kortlagningu hafsbotnsins, straummælingum og botndýrarannsóknnum voru kynntar af Guðrúnu Helgadóttur í fyrirlestri á olíuleitarráðstefnunni í september s.l. Hægt er að nálgast glæsur úr erindinu á heimasíðu Orkustofnunar. Allar þessar rannsóknir hafa gengið vel.

Við kortlagningu með fjölgeislamælingum fundust holur á hafsbotninum sem geta bent til uppstreymis gastegunda frá jarðlögum að neðan. Slíkar holur hafa í sumum tilfellum fundist á svæðum þar sem olía eða gas er til staðar, til dæmis í Norðursjó. Einnig má nefna að efst á sumum af neðarsjávarhryggjunum sjást rákir sem eru að öllum líkindum eftir borgarisjaka frá síðasta jökulskeiði. Rákirnar eftir borgarisjakana gera það flóknara að átta sig á hvort þarna séu til staðar ummerki eftir gasflæði um yfirborðið. Stefnt er að birta skýrslu um niðurstöður kortlagningarinnar í byrjun næsta árs. Hafrannsóknastofnunin afhendir kortagögnin í 50 m upplausn þeim aðilum sem um þau biðja, en fyrirspurnir um gögnin er beint til Orkustofnunar. Þegar hafa borist fyrirspurnir um þessi gögn frá olíufyrirtækjum sem eru að kynna sér Drekasvæðið.

Niðurstöður úr straummælingum liggja fyrir frá nóvember 2007 til júní 2008. Á allra næstu dögum kemur í ljós hvernig hefur gengið að mæla frá því í júní. Fyrstu niðurstöður úr straumsjárlögninni benda til að í dýpstu lögum liggja straumur til norðurs með um 5 cm/s hraða. Samkvæmt straummælingasniðunum fyrir yfirborðslagið er hægur straumur til suðurs í Hléssundi en öllu sterkari straumur til norðurs vestan við syðsta odda meginhryggjarins.

Botndýrarannsóknarnar voru skipulagðar með það í huga að taka ná sýnum úr sem flestum mismunandi búsvæðum sem finnast á Drekasvæðinu. Úr fjölgeislamælingunum fékkst gróft mat á hörku hafsbotnisins, ásamt hafdýpi og halla botnsins og út frá þeim niðurstöðum voru staðir til sýnatöku valdir. Einnig voru margar myndir teknar af hafsbotninum til að rannsaka lífríkið. Af þeim 57 sýnum sem var safnað verður hægt að vinna úr 10 sýnum miðað við fjárveitingu til verkefnisins. Frumskoðun á sýnum bendir til að fjölbreytni botndýra sé mikil og að víða séu tegundir sem eru viðkvæmar fyrir raski s.s. mjúkir kórallar.

Til viðbótar við framangreindar rannsóknir er unnið að nemandaverkefni við Háskóla Íslands undir handleiðslu Ingibjargar Jónsdóttur, dósentis í landfræði, þar sem leitað er að ummerkjum um olíuslikju á yfirborði hafsins á Drekasvæðinu á ratsjármyndir frá gervihnöttum. Þetta getur verið merki um olíu sem stígur upp frá hafsbotninum og sést á sumum olíusvæðum. Skýrslu verður skilað um verkefnið í lok ársins.